

Geir H. Haarde, fyrr. forsætisráðherra

### Yfirlýsing vegna landsdóms

Það er meginatriði í sambandi við þennan dóm að það er sýknað fyrir öll efnisleg ákæruatriði. Ég lýsi ánægju minni með þá niðurstöðu og að mál þetta skuli nú loks til lykta leitt fyrir landsdómi.

Það eina sem sakfelld er fyrir, og það mjög vægilega, er formsatriði sem lýtur að umræðum á ríkisstjórnarfundum. Engum getur dottið í hug að það atriði hafi átt nokkurn minnsta þátt í bankahruninu haustið 2008.

Dómurinn varðandi þetta atriði er fáránlegur og í raun og veru sprenglægilegur. Hafi ég verið sekur um stjórnarskrárbrot að þessu leyti, þá jafngildir það því að allir forsætisráðherrar landsins frá því landið fékk fullveldi hafa verið sekir um sama brot. Því má segja að ég hafi verið sakfelldur fyrir hönd þeirra allra.

Greinilegt er að meirihluti dómsins taldi sig knúinn til að sakfella fyrir eitthvað eitt atriði, hversu lítilvægt sem það er, til að draga þann hluta alþingismanna sem stóðu að ákærunni að landi.

Ég geri ráð fyrir að vísa þessari niðurstöðu til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá verða dregin fram öll þau fáránlegu mistök sem framan af einkenndu meðferð málsins af hálfu Alþingis og saksóknara þess, dómsmálaráðuneytisins og landsdóms.

Ég lýsti því yfir þegar málið var dómtekið og á fyrri stigum þess að ég bæri fyllsta traust til landsdóms. Nú er ljóst að meirihluti hans reis ekki undir því trausti heldur hafa pólitísk sjónarmið laumað sér inn í réttinn og meirihluti dómara ákveðið að láta þau ráða för frekar heldur en hreint lögfræðileg mat. Það er ömurlegt og mun að minni hyggju gera það að verkum að réttarkerfið á Íslandi verður framvegis ekki talið eiga samleið með vestrænum réttarríkjum. En ég fagna hugrekki þeirra sem skiluðu sératkvæði um þetta atriði.

Þau pólitísku réttarhöld sem hér var boðið upp á, hafa, að frátöldu því eina smáatriði sem sakfelld var fyrir, endað með algerrni niðurlægingu þeirra sem að málinu stóðu.

Málatilbúnaður meirihluta Alþingis og saksóknara þess var efnislega byggður á sandi og einkenndist af pólitísku ofstæki, hefnigirni og fákunnáttu frekar en heilbrigðri skynsemi eða virðingu fyrir lögum og réttlæti.

Nú þurfa þeir sem hafa borið ábyrgð á þessari sneypuför í heil tvö ár að gera upp við sig hvernig þeir axla sína ábyrgð. Ég er ekki í vafa um að allt fólk með snefil af sómatilfinningu, allir stjórnámamenn sem taka mark á sjálfum sér, myndu segja af sér eftir að hafa fengið slíkan löðrung, sem landsdómur hefur nú rekið upphafsmönnum og aðstandendum málsins.

En það má ekki gleyma því að áður en aðalmeðferð málsins hófst fyrir landsdómi var leitt í ljós á Alþingi að ekki var lengur meirihluti fyrir ákærinni. Hins vegar var með pólitískum bolabrögðum, sem ótrúlegasta fólk tók þátt í, komið í veg fyrir að nýr meirihluti fengi tækifæri til að afturkalla málið.

Stuðningsmenn ákærinnar á Alþingi fengu því tvö tækifæri til að sjá sig um hönd. Fyrst eftir að úrslit atkvæðagreiðslu á Alþingi í september 2010 lágu fyrir, en þá var með einföldum hætti hægt að kalla fram atkvæðagreiðslu um hvort ég einn skyldi ákærður. Síðara tækifærið var svo í febrúar sl. þegar tillaga um afturköllun var til meðferðar.

Ábyrgðarmenn málsins létu bæði þessi tækifæri úr greipum sér ganga og sitja nú uppi með afleiðingar gerða sinna og verða að taka á þeim ábyrgð.

Mér hefur aldrei dottið í hug að halda því fram að allt hafi verið hárrétt gert í aðdraganda bankahrunsins eða að öll mín störf hafi verið óaðfinnanleg. Þegar horft er til baka er ljóst að sitthvað hefði mátt gera öðruvísi eða betur. En allir sem að málum komu í aðdraganda hrunsins gerðu það sem þeir töldu réttast á þeim tíma miðað við þær upplýsingar sem þá lágu fyrir. Það er gersamlega fráleitt að ég hafi framið refsiverð lögbrot, eins og mér var borið á brýn, eða brugðist skyldum mínum með saknæmum hætti.

Ég vil aðeins gera hér eitt atriði enn að umtalsefni sem er kostnaðurinn við málið. Mér sýnist að hann sé orðinn allt að 200 milljónir króna að meðtöldum kostnaði við dómstólinn sjálfan. Kostnaðurinn af vörn minni er

rúmlega 40 milljónir króna og ég geri ráð fyrir að kostnaður við rekstur embættis saksóknara Alþingis verði ekki minni.

Eins og kom fram í dómsorði landsdóms hafa mér verið dæmda rúmlega 24 m.kr. í málsvarnarlaun og því vantar 16 m.kr. upp á að endar nái saman. Lögmennt mínir hafa þurft að vinna mikilvæga grundvallarvinnu í málinu vegna þess að hér er um að ræða fyrsta mál sinnar tegundar og vegna þess að slík vinna kom ekki frá saksóknara Alþingis.

Félagið Málsvörn mun væntanlega greiða það sem upp á vantar í mínu tilviki. En það er augljóst að búið er að finna örugga leið til að koma fjárhagslegu höggi á fyrirverandi ráðherra, burtséð frá því hvort þeir hafa brotið af sér eða ekki. Það er einfaldlega að höfða mál sem þetta fyrir landsdómi. Hinn ákærði getur þá vænst þess að fá aðeins dæmdan *hluta* málskostnaðarins og þurfa að sjá um afganginn sjálfur. Slíkt er mikið umhugsunarefni.

Ég vil síðan nota tækifærið til þess að þakka verjanda mínum, Andra Árnasyni og öllu aðstoðarfólki hans frábærlega vel unnin störf.

Sömuleiðis vil ég þakka vinum mínum sem stofnuðu félagið Málsvörn til að vera mér bakhjarl í máli þessu og öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa félaginu lið. Einnig þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og öðrum stuðningsmönnum mínum á Alþingi.

Ég vil þakka börnunum mínum fimm og tengdabörnum fyrir að hafa staðið þétt að baki mér í máli þessu. Álagið á þau hefur verið mikið.

Sérstaklega vil ég þakka henni Ingu minni fyrir ómetanlegan stuðning. Hún hefur aldrei bognað.